

Stjórn Dalbæjar

23. fundur Dalbæjar 2018-2022
7. fundur ársins

Mánudaginn 10.8.2020 kl. 16:00 var haldinn fundur í stjórn Dalbæjar. Boðaðir voru aðalmenn í stjórn og Hólfríður Jónsdóttir, fulltrúi starfsmanna. Mættir voru allir nema Valdemar Viðarsson sem boðaði varamann, Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá fundarins:

1. Framkvæmdamál.

Byrjað var á vettvangsferð í kringum Dalbæ til að vega og meta ýmsa möguleika. Stjórn samþykkti tillögu 2, þ.e. stækkun á rými í austur milli nýrri byggingar og eldra húss, sem og lengingu svala við enda suðurgangs, en hætt yrði þó við stækkun í vestur (glerveggur færi og steypur veggur í staðinn með gluggum).

2. Covid-19.

Elísa fór í gegnum stöðuna varðandi Covid-19. Nú er búið að lýsa yfir: *hjúkrunarheimili á hættustigi.*

3. Sjúkraflutningar

Elísa sagði frá breytingum á kostnaði vegna sjúkraflutninga frá Akureyri þegar flytja þarf íbúa. Hún mun skoða málið áfram.

4. Önnur mál.

- Búið er að skipta um loftljós á gangi 3, n.h.
- Skolpotturinn sem samþykkt var að kaupa er kominn og er byrjað að nota hann.
- Þörf á innkaupum á rúmunum verður metin þegar Covid-19 ástand skánar, þá munu starfsmenn Fastus koma og meta stöðuna.
- Mál dagdvalar voru rædd og þarf að skoða aðstöðuna og hvernig má bæta úr henni.

5. Fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir og skoðast því samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:35

Fundinn sátu undirritaðir:

Kristinn Bogi Antonsson, formaður

Valdís Guðbrandsdóttir

Heiða Hilmarsdóttir

Rúna Kristín Sigurðardóttir

Gunnþór E. Gunnþórsson

Elísa Rán Ingvarsdóttir

Hólmfríður Jónsdóttir